

Fimmtudaginn 26. febrúar 1998.

Nr. 379/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Halldóri Birki Sturlusyni

(Árni Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu ríkissaksóknara 28. ágúst 1997 að ósk ákærða, einvörðungu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga og heimfærslu brots samkvæmt ákæru 25. mars 1997 til refsíakvæða. Krefst ákærvald staðfestingar á heimfærslu héraðsdóms til refsíakvæða, en að refsing ákærða verði þyngd. Ákærði krefst sýknu af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og verði háttsemi hans talin varða við 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Þá er þess krafist, að refsing ákærða verði ákveðin eins væg og lög leyfa.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Sigmundar Sigfússonar, geðlæknis við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, frá 16. febrúar 1998. Kemur þar fram, að síðan í janúar 1997 hefur ákærði verið í viðtölum hjá læknum. Leiddu þau til þess, að hann fór að eigin ósk í áfengis meðferð á Vogu í Reykjavík og síðan í framhalds meðferð að Staðarfelli. Sé staðfest, að hann hafi ekki neytt áfengis síðan, í rúmlega eitt ár. Ákærði geri sér vel grein fyrir afbrotum sínum og iðrist þeirra. Er það mat geðlæknisins, að nánast engin hætta sé á endurteknum ofbeldisverkum af hendi ákærða, neyti hann ekki áfengis og annarra vímuefna. Einnig hefur verið lagt fram bréf verkstjóra hjá SR-Mjöli hf. frá 17. janúar 1998, þar sem ákærði vinnur nú, og kemur þar fram, að hann stundi vinnu sína af reglusemi og áhuga.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest heimfærsla

hans til refsíákvæða og ákvörðun um refsingu ákærða. Eins og áður er rakið, hefur orðið breyting á högum ákærða. Hann hefur leitað sér aðstoðar vegna áfengisvandamála sinna, hefur sýnt af sér reglusemi undanfarið ár og stundar fasta atvinnu. Hann samþykkti bótakröfu tjónþola og hefur nú greitt hana að fullu. Að þessu athuguðu, með hliðsjón af ungum aldri ákærða og því, að hann hefur ekki áður brotið gegn almennum hegningarlögum, þykir mega ákveða, að fullnustu tólf mánaða af refsingunni skuli frestað skilorðsbundið í fimm ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Birkir Sturluson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Fresta skal fullnustu 12 mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum fimm árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. júlí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 5. f. m., er höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur ákærða, Halldóri Birki Sturlusyni verkamanni, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, fæddum 29. mars 1976.

Með ákæruskjali sýslumannsins á Húsavík, út gefnu 20. desember 1996, er mál höfðað á hendur ákærða „. . . fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 6. júlí 1996 við félagsheimilið Hnitbjörg, Raufarhöfn, slegið Stefán G. Óskarsson, fæddan 7. janúar 1963, að tilefnislausu þrjú högg í andlit, svo að hann hneig niður með þeim afleiðingum, að hann hlaut skurð, um 0,5 cm langan, milli augnabrúna, húð á nefi og enni fleiðradist og nef bólgið og aumt viðkomu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Í málinu krefst Stefán G. Óskarsson, Ásgötu 9, Raufarhöfn, skaðabóta úr hendi ákærða“.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 25. mars 1997, er mál höfðað á hendur ákærða „ . . . fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás, með því að hafa um klukkan 5.50 aðfaranótt miðvikudags 1. janúar 1997 norðan við félagsheimilið Hnitbjörg á Raufarhöfn stungið Tryggva Hrafn Sigurðsson, kt. 260581-5629, með hnífi í brjóst, aftanverðan háls, vinstra megin í bak ofarlega yfir herðablaði og í ofanverðan kvið ásamt því að veita honum fimmtán sentímetra langan skurð vinstra megin á hálsi aftan eyra, fimm sentímetra langan skurð yfir vinstra herðablaði og sex sentímetra langan skurð innanvert og ofarlega á vinstri upphandlegg.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir ofangreindur Tryggvi Hrafn Sigurðsson kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér bætur, að fjárhæð 154.146 kr.“.

Við aðalmeðferð máls krafðist sækjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, en fallið var frá kröfu um greiðslu skaðabóta með vísan til yfirlýsingar bótakrefjanda, Stefáns Óskarssonar, dagsettrar 3. júní sl., og greiðslukvittunar ákærða og samkomulags hans við forráðamenn Tryggva Hrafn Sigurðssonar.

Dómkröfur skipaðs verjanda, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, voru þær, að krafist var vægustu refsingar vegna sakarefnis, sem lýst er í ákæruskjali sýslumanns frá 20. desember sl., en vegna ákæru ríkissaksóknara frá 25. mars sl. var þess krafist, að ákærði yrði sýknaður af brotum gegn 211. gr., sbr. 20. gr., og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Fallist var á, að brot ákærða yrði heimfært til 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga, en til vara krafist, að brot hans yrði heimfært til 1. mgr. 218. gr. sömu laga. Farið var fram á, að ákærði yrði dæmdur til vægustu refsingar. Loks var krafist hæfilegra málsvarnarlauna.

I.

A. Ákæruskjal, út gefið 20. desember 1996.

Aðfaranótt laugardags 6. júlí 1996, kl. 2.48, var óskað eftir aðstoð lögreglu á Þórshöfn vegna líkamsárásar, er Stefán G. Óskarsson hafði orðið fyrir við félagsheimilið Hnitbjörg á Raufarhöfn. Er lögreglumenn komu á vettvang, var ætlaður árásaraðili, ákærði í máli þessu, Halldór Birkir, horfinn á

braut. Stefán bar fram formlega kærú á hendur ákærða 9. júlí, og eftir það voru vitni yfirheyrð um málsatvik 10. júlí, 13. september og 9. nóvember 1996.

Vitnið Ómar Viðarsson dyravörður kvaðst hafa verið við störf í félagsheimilinu á Raufarhöfn aðfaranótt 6. júlí 1996 og vegna ölvunaróspekta ákærða þurft að vísa honum út úr húsinu. Vitnið kvaðst eftir það hafa fylgst með því, er Stefán Óskarsson gekk með ákærða niður aðaldyratröppurnar, og þar séð, hvar ákærði sló til hans tvö hnefahögg í andlit. Að mati vitnisins var þessi atлага ákærða fyrirvaralaus, Stefán hafi fallið við og fengið skurð á nefið.

Samkvæmt vottorði Arnars Þórs Guðmundssonar heilsugæslulæknis voru áverkar Stefáns Óskarssonar svofelldir við skoðun 6. júlí 1996:

„Skoðun leiðir í ljós skurð milli augnabrúna, sem er ca. 1/2 cm að lengd og dýpt, en nokkuð tættur. Einnig er húð á nefi og enni fleiðruð. Nef var bólgið og afar aamt viðkomu, en líklegast óbrotið. Miðsnes var nokkuð þrútið, en við skoðun var ekki að sjá blæðingu í því. Sárin voru hreinsuð og skurður saumaður saman. Fimmtudag 11. 7. sé ég Stefán aftur, og er þá ágætur gróandi í sárum hans og bólga í nefi minni, en það þó enn „hvell-aumt“.“

Framburður kæranda, Stefáns Óskarssonar, og vitnisins Einars Sigurðssonar fyrir dómi um atferli ákærða var í öllum meginatriðum í samræmi við ofangreindar skýrslur. Kvaðst Stefán Guðmundur hafa orðið fyrir tveimur hnefahöggum frá ákærða fyrir utan félagsheimilið á Raufarhöfn, og lýsti hann andlitsáverkum sínum í samræmi við áðurgreint læknisvottorð. Vitnið kvað barsmið ákærða hafa verið fyrirvaralaus. Hafi ákærði beðist fyrirgefningar á háttseminni daginn eftir atburðinn, en auk þess greitt fullar skaðabætur skömmu fyrir aðalmeðferð málsins.

Vitnið Einar Sigurðsson kvaðst hafa fylgst með því frá anddyri félagsheimilisins, er ákærði sló Stefán Óskarsson fyrirvaralaus tvö hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum, að hann féll við. Var það mat vitnisins, að barsmiðin hefði verið án tilefnis.

Ákærði, Halldór Birkir, hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa slegið Stefán Óskarsson, líkt og lýst er í kærú, en sökum ölvunarástands umrædda nótt gat hann ekki lýst málsatvikum eða gefið skýringar á athæfi sínu.

Með vætti vitna, læknisvottorði og viðurkenningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás gagnvart Stefáni G. Óskarssyni, en samkvæmt framburði vitna hlaut hann tvö högg við barsmiðina, en eigi þrjú, eins og greinir í ákæruskjali. Líkt og athæfi ákærða er nánar lýst í kærú, varðar brot hans við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

B. Ákæruskjal, út gefið 25. mars 1997.

Miðvikudag 1. janúar 1997 kl. 5.50 var lögreglu tilkynnt um líkamsárás við félagsheimilið Hnitbjörg á Raufarhöfn, en fyrr um nóttina hafði þar verið haldinn áramótadansleikur. Er lögregla kom á vettvang, hafði pilturinn Tryggvi Hrafn Sigurðsson þegar verið færður á heilsugæslustöð kaup-túnsins vegna skurð- og stungusára, en eftir vísbendingu Páls Þormars Garðarssonar dyravarðar var ákærði, Halldór Birkir, handtekinn bak við félagsheimilið. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var ákærði talsvert ölvaður, í æstu skapi og í ýfingum við aðra pilta. Hann var færður á lögreglustöð og í fangaklefa. Við eftirgrennslan lögreglu síðar um nóttina afhenti nefndur dyravörður lögreglu hníf, en grunsemdir höfðu vaknað um, að ákærði hefði beitt honum gegn Tryggva Hrafn. Í rannsóknarskýrslu lögreglu er hnífnum svo lýst:

„Hnífurinn lítur út eins og haglaskot nr. 12, blár að lit, með áletruninni WHITEBY+CO, Kendall, England. Gylltur botn hnífsins er brotinn af í tvo parta.“

Samkvæmt mælingu rannsóknaraðila var hnífsblaðið rétt rúmir 4 cm og skaftið 5 cm.

Allt frá upphafi lögreglurannsóknar hefur ákærði staðfest eign sína á ofangreindum hnífi. Ákærði hefur jafnframt staðhæft, að hann hafi haft hnífinn í úlpuvasa sínum aðfaranótt 1. janúar sl.

Eftir að ákærði hafði verið vistaður í fangaklefa, fór lögregluvarðstjórnin Jóhann Hinrik Þórarinsson á heilsugæslustöðina á Raufarhöfn og hafði tal af Tryggva Hrafn, þar sem hann lá á aðgerðarborði. Í frumskýrslu varðstjórans er ástandi píltsins lýst svo:

„Undirritaður sá, að Tryggvi var með um tólf til fimmtán cm langan skurð vinstra megin á hálsi neðarlega, sem lá nánast frá barka og aftur að miðlínu að aftan, og virtist sárið vera dýpst um miðjan skurðinn. Stungusár var á bringu og annað ofarlega á kvið, bæði nærri miðjum líkama. Kvaðst hann hafa verið í orðahnippingum og ýfingum við Halldór Birki, en ekki orðið þess var, er hann fékk áverkana. Undirritaður gat ekki merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis.“

Í lögregluskýrslunni er þess getið, að Tryggvi Hrafn hafi farið til síns heima að lokinni aðgerð á heilsugæslustöðinni, en ekki var tekið blóð úr honum eða ákærða til alkóhólákvörðunar. Í málinu liggja hins vegar fyrir ljósmyndir af vettvangi, ljósmyndir af áverkum Tryggva Hrafn svo og af fatnaði þeim, er ákærði fklæddist aðfaranótt 1. janúar sl. Í rannsóknarskýrslu lögreglu er greint frá ummerkjum á fatnaði ákærða, þ. e. úlpu, peysu og buxum:

„Við skoðun á úlpunni má greina blóðbletti á eftirfarandi stöðum: Á úlpunni framanverðri er blóðnudd á þremur stöðum, um 10 sentímetra neðan við hægri brjóstvasa. Á hægri ermi innanverðri við ermasaum blóðblettir á þremur stöðum, tveir þeirra um 17 sentímetra frá handarkrika og einn blettur um 13 sentímetra frá ermaropi. Á vinstri ermi utanverðri um olnboga er lítil blóðrák á miðri ermi. Á bol úlpunnar til hægri, um 15 sentímetra neðan við handarkrika, er einn blóðblettur um 2 sentímetra frá saumi framstykkis og baks. Á faldi að framan, innan við hægri hluta renniláss, bæði á faldinum utanverðum og innanverðum, eru blóðblettir og blóðtaumar, um 20 sentímetra frá hálsmáli, og ná niður að neðri enda renniláss.“ ... „Á peysunni framanverðri eru meintir blóðblettir, einn blettur um 5 sentímetra neðan við hálsmál og einn blettur um 15 sentímetra neðan við hálsmál.“ ... „Á buxunum framanverðum, á vinstri skálm, má greina blóðbletti. Blóðblettirnir eru sex að tölu á um 5 sentímetra svæði. Blettirnir eru innanvert á skálminni, um 10 sentímetra frá klofsaum.“

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu bar ákærði sýnilega áverka á vörum og var með hruff á höndum, en auk þess hafði hann eymsli í hægri hné. Við ítrekaðar yfirheyrslur lögreglu lýsti ákærði nær algjöru minnisleysi um atvik máls aðfaranótt 1. janúar, en hann sætti gæsluvarðhaldi frá 2. janúar til 4. janúar sl.

Verður nú vikið að framburði vitna, en skýrslur af þeim voru teknar hjá lögreglu dagana 1. til 3. janúar sl.

Vitnið Trygvi Hrafn Sigurðsson, fæddur 1981, skýrði frá því við aðalmeðferð máls líkt og við skýrslutöku hjá lögreglu, að hann hefði farið á áramótadansleik í félagsheimilið Hnitbjörg ásamt félögum sínum. Kvaðst hann hafa verið allsgáður við komu á dansleikinn, en þegið nokkra sopa af áfengisblöndu hjá dansgestum, þ. á m. hjá ákærða, Halldóri Birki. Vitnið kvaðst ekkert hafa þekkt ákærða og því einungis lítillaga rætt við hann „á vinsamlegum nótum“. Að mati vitnisins var ákærði töluvert ölvaður. Eftir lok dansleiksins kvaðst vitnið hafa hafst við á dyrapalli við aðalinngang félagsheimilisins og fylgst með, er dansgestir komu út úr húsinu. Á stigapallinum kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvar ákærði var í ýfingum við Christian Skafta eða Björn Jakob, og vísaði til þess, að þeir væru tvíburar. Þá kvaðst vitnið hafa heyrt ákærða viðhafa svigurmæli í garð eldra fólks, og af þeim sökum kvaðst vitnið hafa gert athugasemdir við ákærða, tekið í fót hans og togað hann frá fólkinu. Vitnið kvað ákærða hafa brugðist við þessu með því að taka í peysu hans og toga hann þannig með sér fram af stigapallinum. Vitnið bar, að rífa hefði komið í peysuna, og kvaðst vitnið hafa átt í stimpingum við ákærða vegna þessa. Vitnið kannaðist og við að hafa sleg-

ið ákærða nokkrum sinnum með krepptum hnefa í höfuð og líkama, en á móti kvað vitnið ákærða hafa togað í hár sitt og árangurslaust reynt að slá á móti. Að nokkurri stundu liðinni kvað vitnið nærstödd ungmenni hafa skorist í leikinn, þ. á m. vitnið Róbert Bjarnason, og skilið þá sundur. Vitnið kvað ákærða eftir það hafa beðist velvirðingar á athæfi sínu með þeim orðum, að hann hefði farið mannavillt, en auk þess haft á orði, að hann þyrfti að gæta systur sinnar. Vitnið bar, að þeir hefðu tekist í hendur, og ætlaði, að þeir hefðu skilið sáttir. Vitnið tók fram, að hann hefði ekkert þekkt til systur ákærða. Nokkru eftir ofangreind viðskipti kvaðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, hvar ákærði var í orðaskaki við unga stúlku, en auk þess séð, hvar Björn Ragnarsson sló ákærða í andlit með þeim afleiðingum, að hann féll við. Um hálfri klukkustund eftir þennan síðasta atburð kvaðst vitnið hafa lagt leið sína norður fyrir félagsheimilið og að kjallarainngangi og séð fjögur til fimm ungmenni sitja þar á lágum steinvegg. Vegna rökkurs kvaðst vitnið hafa séð illa til, en þó veitt því athygli, að ákærði var á meðal þessara ungmenna. Vitnið kvað þá hafa tekið tal saman, en fljótlega farið að deila vegna viðskiptanna fyrir um nóttina. Vitnið kvað þá báða hafa verið æsta og viðhaft gagnkvæmar hrindingar, en auk þess kvaðst vitnið hafa fengið spörk frá ákærða, en án þess að áverki hlytist af. Þá viðurkenndi vitnið að hafa slegið ákærða tvö hnefahögg á vangann með þeim afleiðingum, að ákærði hrökklaðist aftur á bak og settist á áðurnefndan steinvegg. Vitnið kvað atvik máls eftir þetta hafa gerst með skjótum hætti. Ákærði hafi staðið á fætur, hlaupið til vitnisins, og þá um leið kvaðst vitnið hafa fengið þungt högg á maga og brjóst frá ákærða. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa hnigið niður, en þá fengið högg á hnakka og bak. Vitnið staðhæfði, að ákærði hefði einn átt hlut að máli, og vísaði til þess, að önnur nærstödd ungmenni hefðu ekki haft möguleika til að veitast að sér með framanlýstum hætti. Vitnið kvaðst auk þess ekki hafa átt í útistöðum við aðra en ákærða margnefnda nýársnótt. Á verknadarstundu kvaðst vitnið hins vegar ekki hafa gert sér grein fyrir því, að ákærði hefði beitt hnífi jafnhliða barsmíðinni, og fyrst gert sér grein fyrir áverkum sínum, er ákærði hafði verið dreginn frá af nærstöddum aðilum. Kvaðst vitnið þá hafa fundið fyrir bleytu í fötum og opnu sári á hálsi. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð hníf ákærða á vettvangi.

Framangreind lýsing Tryggva Hrafns af atvikum máls við norðurhlið félagsheimilisins á Raufarhöfn var í öllum meginatriðum samhljóða skýrslu, sem hann gaf hjá lögreglu 2. janúar sl. Þykir rétt að rekja þá frásögn að nokkru, svofellt:

„Eftir smástund sagði Tryggvi, að Halldór hefði staðið upp og komið til

sín. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann sagði eitthvað, en Tryggvi kvað hann hafa slegið sig fast högg í maga og svo líklega annað strax á eftir í brjóst. Tryggvi telur, að hann hafi beygt sig eitthvað saman og hörfað eftir þessi högg. Því næst kvaðst hann hafa fundið fyrir höggum á vinstri öxl og efst í bak. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa fundið fyrir neinu höggi á háls, en þetta hafi allt gerst mjög hratt. Hann kvað síðan einhverja hafa komið og stöðvað Halldór Birki. Aðspurður um það, hvort hann hefði fundið til sársauka við þessi högg, kvað hann svo ekki hafa verið. Hins vegar kvaðst hann strax hafa fundið til sársauka, eftir að höggunum linniti, einkum í öxl og efst í baki, aftanverðu. Þá kvaðst Tryggvi nánast strax hafa fundið eins og eitthvað heitt rynni niður hálsmál sitt og niður á brjóst, og er hann sagðist hafa þreifað með hendinni upp á hálsinn vinstra megin, kvaðst hann hafa fundið einhverja holu þar og hönd sín öll orðið blóðug. Hann kvaðst því hafa gert sér grein fyrir, að Halldór hefði skaðað sig með einhverju. Tryggvi kvaðst því strax hafa farið að aðaldyrum félagsheimilisins og reynt að komast inn. Hann kvað þar hafa verið dyravörð, sem benti á klukkuna, líklega til merkis um, að búíð væri að loka húsinu, en þegar dyravörðinum hefði orðið ljóst, að Tryggvi var allur blóðugur, hefði sér strax verið hleypt inn og settur niður á stól. Ekki kvaðst hann hafa misst meðvitund. Síðan hefði læknir komið á staðinn eftir nokkra stund og eftir það verið farið með sig á heilsugæslustöðina á Raufarhöfn og gert þar að sárum sínum. Aðspurður kvaðst Tryggvi aldrei hafa séð neitt í höndum Halldórs, þegar hann veitti sér þessa áverka, í fyrstu einungis hafa haldið, að Halldór hefði verið að slá sig. Þá er Tryggvi spurður að því, hvort einhver minnsti möguleiki væri til, að einhver annar en Halldór Birkir Sturluson hefði veitt honum þessa áverka, en hann þvertekið fyrir það. Kvað hann Halldór Birki hafa komið einan til sín. Þá var Tryggvi beðinn um að meta þá fjarlægð, sem verið hefði frá honum og að næsta manni, þegar Halldór Birkir kom að honum og veitti honum þessi síðustu högg. Taldi hann það hafa getað verið 2–3 metra. Þá var Tryggvi spurður, hvort hann hefði orðið var við, að Róbert Bjarnason hefði verið að reyna að stífa þeim Halldóri sundur í þessum síðustu átökum. Ekki kvaðst hann vera alveg viss um það, hver eða hverjir hefðu stíað þeim sundur, en Róbert hefði að líkindum orðið fyrstur til að sjá skurðinn á hálsi sér.“

Fyrir dómi staðfesti vitnið skýrslu sína og lýsti jafnframt áverkum, lækni meðferð og almennri líðan með líkum hætti og fram kemur í fyrirbyggjandi læknisvottorðum.

Af gögnum máls þessa má ráða, að fjölmörg ungmenni hafi verið fyrir utan félagsheimilið á Raufarhöfn aðfaranótt 1. janúar sl. og flest þeirra undir

áhrifum áfengis. Af hálfu rannsóknarmanna voru teknar skýrslur af nokkrum þeirra, er samskipti höfðu átt við ákærða eða orðið sjónarvottar að samskiptum hans við Tryggva Hrafn Sigurðsson. Fóru skýrslutökur fram dagana 1.–3. janúar sl., eins og áður var rakið, en helstu vitni komu auk þess fyrir dóm við aðalmeðferð máls.

Samkvæmt frásögn tvíburabræðranna Christians Skafta og Björns Jakobs Hansmar, en þeir eru fæddir 1979, fóru þeir í fylgd ákærða og systur hans á áramótadansleikinn í félagsheimilinu, en áttu síðan báðir í útistöðum við ákærða á stigapalli við aðalinngang félagsheimilisins laust eftir kl. 4.30. Kvaðst Björn Jakob m. a. hafa slegið ákærða í höfuð með þeim afleiðingum, að hann féll við. Þá kannaðist vitnið Christian Skafti við að hafa sparkað í bak ákærða, þar sem hann lá flatur eftir barsmið bróður hans. Skömmu eftir þessi viðskipti kvaðst Christian Skafti hafa fylgst með því, er ákærði átti í útistöðum við ungmennin Söru Jenkins og Björn Ragnarsson og m. a. er hið síðarnefnda sló ákærða þungt högg á munninn með þeim afleiðingum, að hann féll við. Vitnið bar, að þessi atburður hefði gerst við austurhlíð félagsheimilisins. Loks kvaðst vitnið Christian Skafti hafa fylgst með ýfingum ákærða og Tryggva Hrafns við norðurhlíð félagsheimilisins, en ekki kvaðst vitnið hafa séð þá slá hvorn til annars og ekki vita, hvernig viðskiptum þeirra lauk. Vitnið Björn Jakob kvaðst einnig hafa fylgst með því, er ákærði fékk höfuðhögg frá Birni Ragnarssyni, og fullyrkti, að hann hefði borið áverka á munninn eftir þau viðskipti. Við norðurhlíð félagsheimilisins kvaðst vitnið loks hafa séð til ákærða, þar sem hann átti í útistöðum við Tryggva Hrafn, m. a. er þeir féllu saman til jarðar, og að Tryggvi Hrafn hélt um hálsinn, er hann vék af vettvangi skömmu síðar. Vegna myrkurs kvaðst vitnið ekki hafa séð vel til, en staðhæfði, að aðrir nærstaddir höfðu ekki blandað sér í átök ákærða og Tryggva Hrafns. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hníf á lofti greint sinn.

Vitnið Björn Ragnarsson, fæddur 1980, kvaðst hafa gengið á milli ákærða og Tryggva Hrafns og skilið þá að, þar sem þeir voru að rifast austan við félagsheimilið. Nokkru eftir þann atburð kvaðst vitnið hafa fylgst með rífrildi ákærða og Söru Jenkins. Vitnið kvaðst við það tækifæri hafa slegið ákærða að ástæðulausu frekar þungt högg í höfuðið með krepptum hnefa.

Vitnið Róbert Bjarnason, fæddur 1975, kvaðst hafa veitt því athygli umrædda nótt, að ákærði átti í rýsingum við ungmenni fyrir utan félagsheimilið, en þó eigi fylgst gjörla með athöfnum hans. Vitnið kannaðist enn fremur við að hafa hitt piltinn Tryggva Hrafn við norðausturhorn félagsheimilisins og veitt því athygli, að hann hélt um hálsinn. Vitnið kvaðst hafa fylgt Tryggva Hrafini til dyravarðar í félagsheimilinu, en kannaðist ekki við að

hafa séð áverka á piltinum og vísaði í því samhengi til eigin ölvunarástands. Eftir þennan atburð kvaðst vitnið hafa lítillaga átt samskipti við Helgu Jones og kannaðist við að hafa tekið við úr hendi hennar bláleitu plasthylki. Á vettvangi kvaðst vitnið ekki hafa áttað sig á því, hvers konar hlutur þetta var, og vísaði m. a. til þess, að hann hefði þá verið óbrotinn og lokaður. Fyrir dómi staðfesti vitnið eftir skoðun, að hnífur ákærða væri sá hlutur, sem hann hafði tekið við um nóttina.

Vitnið Helga Ivy Jones, fædd 1979, kvaðst margnefnda nótt hafa gengið áleiðis norður fyrir félagsheimilið á eftir hópi ungmenna, en á leið sinni mætt Tryggva Hrafn og Róbert Bjarnasyni. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að Tryggvi Hrafn hélt um hálsinn og var blóðugur. Kvaðst vitnið síðan hafa haldið för sinni áfram og hitt ákærða, sem hafi rétt sér hlut, er líktist haglaskoti, og um leið sagt: „Ég treysti þér.“ Að mati vitnisins var ákærði mjög æstur, er þetta gerðist. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa rétt Róbert Bjarnasyni „haglaskotið“ og fylgst með því, er hann kastaði því í húsvegginn.

Vitnið Sif Árnadóttir, fædd 1979, lýsti við lögregluþingheyrslu 2. janúar sl. hegðan og ástandi félaga sinna fyrir utan félagsheimilið aðfaranótt 1. janúar sl., en vitnið kvaðst þar hafa verið allsgáð. Frásögn vitnisins fyrir dómi var efnislega samhljóða áðurgreindri lögregluskýrslu, og þykir rétt að rekja hana svofellt:

„Eftir dansleikinn fór ég út. Þá var margt ungt fólk við félagsheimilið norðanvert. Mikill æsingur var í fólkinu og margir að rífast og aðrir að reyna að koma í veg fyrir handalögmál. Það voru aðallega Róbert Bjarnason og Árni Sigurðsson, sem voru að reyna að koma í veg fyrir áflog. Ég gekk að unglíngahópnum og sá í fyrstu, að þeir bræður Skafti og Björn Hansmar eru að rífast við Halldór Birki, en Róbert og Árni að reyna að koma í veg fyrir, að þessir menn lentu í handalögmálum. Ég sá ekki áflog milli þeirra, en heyrði síðar, að þeir bræður hefðu slegið Halldór Birki. Það næsta, sem ég varð vitni að, var, að ég held, að Róbert og Árni voru að reyna að slíta þá Halldór Birki og Tryggva hvorn frá öðrum, en þeir voru í átökum, þar sem þeir stóðu í unglíngahópnum. Nánast ógerlegt var að sjá, hvað hver var að gera, þar sem fólk var í einni þvögu í miklum látum og hávaði mikill í því, rífast og skammast. Strax eftir að Halldór Birkir og Tryggvi voru aðskildir, gekk Tryggvi að félagsheimilinu, og sá ég mjög ljótan skurð á hálsinum á honum, sem blæddi mikið úr. Ég sá aldrei neinn hníf, en margir töluðu um haglaskot með einhverjum göddum á...“

Auk framangreindra vitna gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin Páll Þormar Garðarsson dyravörður og ungmennin Sara Jenkins og Árni Sigurðsson.

Samkvæmt vætti Páls Pormars var ákærða vísað út úr félagsheimilinu á Raufarhöfn undir lok margnefnds áramótadansleiks vegna ölvunaróspekta. Ekki þykir ástæða til að rekja framburð dyravardarins frekar eða nefndra ungmenna, líkt og atvikum máls er háttað, en vitnin fylgdust ekki með atgangi ákærða og Tryggva Hrafns aðfaranótt 1. janúar sl. Þá var frásögn þeirra að öðru leyti í samræmi við það, sem önnur vitni hafa lýst hér að framan.

Lögreglumennirnir Jóhann Hinrik Þórarinnsson, Hreiðar Hreiðarsson og Bjarni Höskuldsson staðfestu verk sín fyrir dómi.

Fyrir liggur í málinu vottorð Þórhalls Björgvins Ólafssonar, heilsugæslulæknis á Raufarhöfn, en hann var kvaddur að félagsheimilinu að morgni 1. janúar sl. vegna áverka Tryggva Hrafns. Áverkum piltsins og aðgerðum sínum lýsti læknirinn í vottorði, sem dagsett er 1. janúar 1997:

„Á sjötta tímanum sl. nótt var undirritaður kvaddur að samkomustað kaupsins hér við Aðalgötu vegna manns, sem lá þar í sárum sínum, að sögn eftir líkamsárás. Hann reyndist vera sá, sem að ofan greinir. Hann lá í hnipri í anddyri hússins, fötur mjög og, að því er virtist, þjáður. Föt hans voru blóðug, en þar sem hann reyndist ekki vera í losti, var hann fluttur á heilsugæslustöðina til frekari athugunar og meðferðar. Þar komu í ljós eftirfarandi áverkar: 1) um 15 cm langur skurður vinstra megin á hálsi aftan eyra, dýpstur aftast, 2) 1 cm sár í miðlínu á aftanverðum hálsi, 3) 1 cm sár ofarlega yfir vinstra herðablaði, 4) um 5 cm alldjúpt sár nokkru neðar á herðablaðinu, 5) um 6 cm grunnur skurður innanvert og ofarlega á vinstri upphandlegg, 6) 1 cm sár yfir bringubeini og að lokum 7) 1 cm sár á ofanverðum kvið, í miðlínu mitt á milli nafla og flagbrjófs. Öll voru sár þessi með beinum sárbörmum, eins og gerist eftir eggvopni, og minnstu sárin voru greinilega stungusár eftir oddmjótt verkfæri. Gert var að þessum sárum á venjulegan hátt, og tók aðgerðin hátt í tvær klukkustundir. Að því búnu var aðstandendum hans gert viðvart og hinn slasaði fluttur í hús til hvílu, á meðan beðið var eftir því, að faðir hans sækti hann. Almennt ástand hans þá var eftir aðstæðum þokkalegt. Aðspurður um tilurð þessara áverka sagðist slasaði hafa lent í átökum við mann nokkurn þar á skemmtistaðnum með ofangreindum afleiðingum. Eftir útliti og eðli áverkanna virðist nokkuð einsýnt, að hnifi eða öðru áþekku eggvopni hafi verið beitt í þessum átökum.“

Þórhallur Björgvin staðfesti vottorð sitt fyrir dómi og ítrekaði, að sjúkl-ingur hefði verið útskrifaður að morgni 1. janúar, eftir að sár hans höfðu verið saumuð saman. Vitnið kvaddst ekki hafa fylgst frekar með líðan piltsins vegna búsetu sinnar í öðru læknishéraði.

Vitnið skýrði frá því, að lækniaðgerð sín á Tryggva Hrafnri hefði tekið 2–3 klukkustundir, og bar, að sjúklingur hefði allan þann tíma haft fulla meðvitund, en að mati vitnisins var hann ekki áberandi ölvaður. Vitnið ítrekaði, að skurður á hálsi hefði verið dýpstur aftast, en náð fram á svæði, u. þ. b. 1 cm, þar sem hálsslagæðar eru undir. Vitnið ítrekaði, að fremsti hluti skurðarins hefði verið mjög grunnur, og var það mat vitnisins, að líft og áverkar sjúklings hefðu í raun verið, hefðu þeir ekki leitt til fjörtjóns, þó að hann hefði ekki komist undir læknishendur. Vísaði vitnið m. a. til þess, að sjúklingur hefði ekki misst mikið blóð. Að mati vitnisins hefði e. t. v. öðru máli gegnt, ef hálsáverkin hefði verið dýpri. Vegna legu annarra áverka kvaðst vitnið hafa ályktað, að atlagi árásarmanns hefði verið tilviljunarkennd.

Sigurður Halldórsson, heilsugæslulæknir á Kópaskeri, fylgdist með líðan Tryggva Hrafns Sigurðssonar, allt frá því að hann útskrifaðist frá heilsugæslustöðinni á Raufarhöfn. Hefur hann ritað vottorð um læknisverk sín, og er það dagsett 13. maí sl. Segir það m. a.:

„Um lýsingu á staðsetningu þeirra (áverkanna) vísast í áverkavottorð Þórhalls B. Ólafssonar, sem upphaflega gerði að sárum hans. Aðeins skal bætt við, að stóri skurðurinn ví. megin á hálsi nær yfir hálsslagæð og var því í raun lífshættulegur. Sömuleiðis er frá sári rétt hæ. megin við bringubein mjög grunnt inn á lunga, og hefði sú stunga verið aðeins dýpri, er það einnig lífshættulegt. Hvergi eru merki um taugaskaða. Sár drengsins greru eðlilega, en síðan hefur hlaupið í þau ofvöxtur, sk. keloid-myndun, sem algeng er í sárum á efri hluta bols og hálsi. Eru þau nú rauð, upphleypt og ½–1 cm á breidd og greinilega enn í þróun. Búast má við, að þau verði a. m. k. hálf ár í viðbót að ná endanlegu útliti, og er þegar ljóst, að um talsverð útlitslýti verður að ræða. Hann mun verða í sambandi við lýtalækni vegna hugsanlegra endurbóta á útlitinu síðar. Drengurinn var mjög miður sín eftir atburðinn, enda var hann hræddur um líf sitt; var í viðtölum hjá undirrituðum, lækni á Húsavík og félagsráðgjafa á Húsavík og er búinn að ná sér alveg á strik að frátalinni minnimáttarkennd og áhyggjum vegna öranna. Í samantekt: fimmtán ára drengur, sem 1/1 '97 hlaut sjö misstór sár á tilgreindum stöðum, þar af a. m. k. tvö, sem hefðu getað verið lífshættuleg. Hann slapp þó alveg við innri áverka á æðar eða taugar, en örin verða fyrir-sjáanlega til talsverðra lýta varanlega. Andleg vanlíðan var nokkrar vikur eftir slysið, og má leiða líkur að því, að það hafi haft óæskileg áhrif á námsframvindu seinni hluta vetrar. Um varanlegt andlegt heilsutjón er þó ekki að ræða.“

Sigurður Halldórsson staðfesti vottorð sitt fyrir dómi og ítrekaði, að skurðurinn á hálsi sjúklingsins hefði legið um 1½ til 2 cm yfir svokallað aðal-

slagæða- og aðalbláæðasvæði. Vitnið vísaði jafnframt til þess, að um 1½ til 2 cm væru inn að þessum æðum, en um dýpt skurðarins vísaði vitnið til áðurgreinds læknisvottorðs Þórhalls Björgvins Ólafssonar. Vitnið bar, að áverk- ar píltsins hefðu, eins og á stóð, ekki getað leitt til fjörtjóns, þótt hann hefði ekki komist undir læknishendur.

Við dómsyfirheyrslur líkt og við yfirheyrslur hjá lögreglu hefur ákærði borið við nær algjöru minnisleysi um gjörðir sínar aðfaranótt 1. janúar sl. vegna ölvunarástands. Hefur ákærði aðeins getað greint frá því, að hann hafi farið ásamt systur sinni á margnefndan áramótadansleik, haft meðferðis hálfan lítra af landa, en kannaðist auk þess við að hafa átt í útistöðum við tvíburabræðurna Christian Skafta og Björn Jakob, sem hann kallaði kunn- ingja sína. Þá kvaðst ákærði fyrir tilviljun hafa haft meðferðis hníf þann, er lögregla lagði hald á við upphaf rannsókna. Kvaðst ákærði hafa gleymt hnífnum í úlpuvasa sínum, sem hann að jafnaði kvaðst nota við veiðar. Að öðru leyti hefur ákærði ekkert getað borið um atvik máls. Hann kvaðst ekkert hafa þekkt til Tryggva Hrafn og hafði ekki skýringar á blóðslettum þeim, sem fundust á fatnaði hans. Loks hafði ákærði engar skýringar á áverkum, sem hann var með að morgni 1. janúar sl.

Fyrir dómi hefur ákærði lýst skólagöngu, áhugamálum, atvinnuþátttöku og búsetu, þar á meðal á Raufarhöfn, þar sem hann hefur átt lögheimili ásamt foreldrum sínum og systkinum undanfarin þrjú ár. Jafnframt skýrði ákærði frá samskiptum sínum við önnur ungmenni í kaupúninu, þ. á m. við þá, er gefið hafa skýrslur í máli þessu. Hann kvað samskiptin almennt hafa verið jákvæð, og er það í samræmi við frásagnir vitna. Loks greindi ákærði frá stigvaxandi áfengisdrykkju, allt frá því að hann hóf neyslu áfengra drykkja, sextán ára gamall, svo og erfiðleikum vegna þeirrar drykkju, þ. á m. vegna skapgerðarbrestra og minnistaps. Upplýst er, að ákærði lauk sex mánaða áfengis- og eftirmeðferð í byrjun júnímánaðar sl.

Við rannsókn málsins og meðferð lýsti ákærði yfir nær algjöru minnis- leysi um málsatvik af völdum áfengisdrykkju. Fram er komið með vætti fjölda vitna, að ákærði átti í útistöðum og átökum við ungmenni, eftir að honum hafði verið vísað út úr félagsheimilinu á Raufarhöfn aðfaranótt nýársdags sl. Með stöðugum og trúverðugum framburði Tryggva Hrafn Sigurðssonar, sem stoð hefur í framburði nærstaddra vitna og rakinn var hér að framan, einkum vitnanna Björns Jakobs Hansmar, Sifjar Árnadóttur og Helgu Ivy Jones, og rannsóknargagna, þar á meðal skýrslu lögreglu um fatnað ákærða og læknisvottorða, er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun þess, að ákærði hafi gripið til hnífs, er hann hafði í fórum sínum, og beitt honum margsinnis gegn Tryggva Hrafn með þeim afleiðingum, sem

nánar er lýst í ákæruskjali. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að ákærði hafi haft í hyggju að svipta Tryggva Hrafn lífi. Þá þykir varhugavert að staðhæfa, eins og atvikum og aðstæðum öllum var háttað, að ákærða hafi átt að vera ljóst, að mannsbani gæti hlotist af atlögunni. Verður brot hans því ekki heimfært undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1991, sbr. 20. gr. sömu laga.

Ákærði veittist að Tryggva Hrafn með hnifi og skar og stakk hann margsinnis, meðal annars vinstra megin í háls, yfir svæði, þar sem hállslagæðar liggja. Horfa verður til þess, að hnifur ákærða var einungis með um 4 cm löngu blaði, en eigi að síður var atлага hans hættuleg, og réð tilviljun ein, að ekki hlutust af alvarlegri meiðsl en raun varð á. Þykir þessi verknaður ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Til þess ber að líta, að skömmu áður en ákærði réðst að Tryggva Hrafn og stakk hann með hnífnum, hafði Tryggvi Hrafn slegið hann tvö högg í höfuð, og er fram komið, að sú atлага var grófari en framkoma ákærða gaf tilefni til. Með hliðsjón af síðari málslið 3. mgr. 218. gr. hegningarlaga verður tekið tillit til þessa við ákvörðun refsingar ákærða.

II.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki áður hlotið dóm fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, en á hinn bóginn í tvígang árið 1995 sætt viðurlögum vegna ölvunaraksturs. Samkvæmt framangreindu hefur ákærði nú gerst sekur um tvær líkamsárásir, og beitti hann hættulegu vopni í hinni síðari. Samkvæmt 17. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 leysir ölvunarástand ákærða hann á engan hátt undan refsingu. Til refsilækkunar horfir, að ákærði hefur greitt að mestum hluta skaðabótakröfur og leitað sér aðstoðar vegna áfengissýki. Þá hefur framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins verið óaðfínanleg. Hins vegar var atлага ákærða aðfaranótt 1. janúar sl. stórháskaleg, og svo sem lýst er hér að framan, réð hending ein, að ekki hlutust af alvarlegri meiðsl. Refsing ákærða þykir með vísan til þess, sem að framan greinir, síðari málsliðar 3. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, ungs aldurs, sbr. og 77. gr. hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 2. til 4. janúar sl., samtals þrjú dagar.

Af hálfu Tryggva Hrafn Sigurðssonar var krafist skaðabóta, að fjárhæð 154.146 kr. Fyrir dómi hefur ákærði samþykkt kröfuna og þegar greitt 120.000 kr. Krafan þykir nægilega rökstudd, og með vísan til 5. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka hana til greina og dæma ákærða til að greiða eftirstöðvar, 34.146 kr.

Samkvæmt 165. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast 75.000 kr., en málið flutti af hálfu ákærvalds Halla Bergþóra Björnsdóttir, fulltrúi sýslumannsins á Húsavík, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 90.000 kr. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til þess tíma, sem fór í ferðalög verjanda vegna rekstrar málsins. Það athugast, að vegna embættisanna svo og stutts orlofs dómsformanns hefur uppkvaðning dóms dregist nokkuð.

Dóm þennan kváðu upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari sem dómsformaður og héraðsdómararnir Halldór Halldórsson og Ingibjörg Benediktsdóttir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Birkir Sturluson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi þriggja daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði Tryggva Hrafní Sigurðssyni, kt. 260581-5629, 34.146 kr. í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 kr.
